



Skógræktarfélag Reykjavíkur

Ársskýrsla  
Skógræktarfélags Reykjavíkur  
2005

Skógræktarfélag Reykjavíkur  
Elliðavatni,  
110 Reykjavík  
Sími 564 1770

Ársskýrsla Skógræktarfélags Reykjavíkur 2005.

Höfundar: Helgi Gíslason, Herdís Friðriksdóttir og Ólafur Erling Ólafsson.

Yfirllestur: Inga Rósa Þórðardóttir og Jóhann Frímann Gunnarsson.

Uppsetning: Ragnhildur Freysteinsdóttir.

## EFNISYFIRLIT

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>5</b>
<b>1. SAMANTEKT</b> .....	<b>5</b>
<i>Lykiltölur úr starfinu</i> .....	5
<b>2. STJÓRN OG STARFSMENN</b> .....	<b>8</b>
<i>Stjórn félagsins</i> .....	8
<b>3. FÉLAGSSTARF</b> .....	<b>9</b>
<i>Félagatal</i> .....	9
<i>Aðalfundur félagsins</i> .....	9
<i>Ályktanir félagsins á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands</i> .....	10
<i>Jólatré</i> .....	11
<i>Landnemar</i> .....	11
<b>4. REKSTRARTEKJUR</b> .....	<b>12</b>
<b>5. FRAMKVÆMDIR</b> .....	<b>12</b>
<i>Almennt um starfsemi vinnuflokks Skógræktarfélags Reykjavíkur</i> .....	12
HEIÐMÖRK, NÝFRAMKVÆMDIR .....	13
<i>Grisjun</i> .....	13
<i>Gróðursetning</i> .....	14
<i>Göngustígagerð</i> .....	14
<i>Áningarstaðir</i> .....	14
HEIÐMÖRK, VIÐHALD .....	14
<i>Sorphirða</i> .....	14
<i>Áningarstaðir</i> .....	14
<i>Salerni í Heiðmörk</i> .....	14
<i>Sérstök viðhaldsverkefni</i> .....	15
<i>Ellidavatn</i> .....	15
<i>Vélar og verkfæri</i> .....	15
<i>Lausamunir</i> .....	15
FELLSMÖRK, NÝFRAMKVÆMDIR OG VIÐHALD .....	15
<i>Gróðursetningar</i> .....	15
<i>Girðingar</i> .....	15
<i>Vegir</i> .....	16
<i>Húsið í Álftagróf</i> .....	16
VÖRUR OG ÞJÓNUSTA .....	16
<i>Skógarafurðir</i> .....	16
<i>Útseld þjónusta</i> .....	16
<b>6. FRÆÐSLA, KYNNINGARSTARFSEMI, SAMSTARF OG RANNSÓKNIR</b> .....	<b>17</b>
<i>Lesið í skóginn</i> .....	17
<i>Náttúruskóli í Reykjavík</i> .....	17
<i>Fræðslugöngur</i> .....	18
KYNNINGARSTARFSEMI .....	19
<i>Sumarið 2005</i> .....	19
<i>Útgáfa</i> .....	20
<i>Heimasíða</i> .....	21
<i>Esjudagur</i> .....	21
<i>Erindi verkefnisstjóra fræðslu- og kynningarmála</i> .....	21
<i>Ráðstefnur og fundir</i> .....	22
SAMSTARFSVERKEFNI .....	22
<i>AVEDA</i> .....	22
<i>Hjólreiðafélag Reykjavíkur</i> .....	22

<i>Minningarsjóður Páls Gunnarssonar</i> .....	22
<i>Heimsóknir</i> .....	23
RANNSÓKNIR, KANNANIR OG KORTLAGNING.....	23
<i>Skoðanakönnun um nýtingu Heiðmerkur</i> .....	23
<i>Kortlagning á Landnemaspildum</i> .....	24
<i>Lagfæring göngustíga í Esju</i> .....	24

## Inngangur

Síðla árs 2003 samþykkti stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur stefnumótun fyrir félagið fram til ársins 2009 og hófst framkvæmd hennar þá þegar. Í þessari skýslu er fjallað um þau tvö ár sem unnið hefur verið eftir stefnunni og gerð grein fyrir meginþáttum í starfsemi Skógræktarfélags Reykjavíkur árið 2005.

### 1. Samantekt

#### Lykiltölur úr starfinu

	2004	2005
<b>ÁRSVERK SAMTALS</b>	<b>15</b>	<b>18</b>
<b>FÉLAGS- OG FRÆDSLUSTARF</b>		
Félagar (í árslok)	1.037	1.224
Fræðsluerindi	9	11
Þátttakendur í fræðslu	325	305
Viðburðir		6
Þátttakendur í viðburðum		920
<b>SKÓGRÆKTARFRAMKVÆMDIR:</b>		
Gróðursettar plöntur	127.000	175.000
Flatarmál gróðursetninga (ha)	32	43,75
Binding CO <sub>2</sub> gróðursetninga (6 tonn/ha/ár) (tonn)	192	454,5
Nýir stígar (km)	2,2	3,2
Áburðargjöf (tonn)	1,4	1,92
Grisjun (ha)	2	4,5
Seld jólatré	325	729
Selt viðarkurl (m <sup>3</sup> )	115	35
<b>REKSTRAREININGAR:</b>		
Heiðmörk (km <sup>2</sup> )		31
Fellsmörk (km <sup>2</sup> )		
Esjuhlíðar (km <sup>2</sup> )		
Reynivellir (km <sup>2</sup> )		
Elliðavatnsbærinn (nýrri byggingar) (m <sup>2</sup> )		363,5
Fræðslusetur við Elliðavatn (eldri byggingar) (m <sup>2</sup> )		148,6
Vélaskemma við Elliðavatn (m <sup>2</sup> )		422,4
Stígar (km)	37	39,2
Áningarstaðir	7	9
Borð og bekkir	30	30
Salerni	5	4
Ruslakassar	20	20
Grill	12	12

Helstu aðilar sem styrktu og veittu framlög til starfsemi á vegum félagsins árið 2005 voru Reykjavíkurborg, Garðabær, Orkuveita Reykjavíkur, Landgræðsluskógar, Landgræðslusjóður, Landsvirkjun, Minningarsjóður Páls Gunnarssonar, AVEDA, Veraldarvinir (Worldwide Friends) og Youth in Europe.

Félagið hefur einbeitt sér að starfsemi í Heiðmörk, að reyna að ná utan um öll þau mikilvægu verkefni sem þar liggja fyrir. Má nefna að á þessum tveimur árum hafa verið gróðursettar um 300.000 plöntur og þekja þeir skógar núna 90 ha, en til samanburðar er Árbærinn um 160 ha. Grisjaðir hafa verið 6,5 ha.

Vinna við sölu jólatrjáa felst nú fyrst og fremst í þjónustu við fjölskyldur sem koma upp í Heiðmörk og höggva sitt eigið tré. Félagið fær auknar tekjur, þar sem milliliðir koma lítið við sögu og að auki er minni vinna (og álag) fyrir starfsmenn þegar fólk heggur sitt tré sjálft. Á heildina lítið er félagið að selja u.þ.b. sama fjölda af trjám en töluvert meiri hagnaður verður af sölunni þegar tillit er tekið til allra þátta.

Félagið hefur beitt sér, í samstarfi við fleiri aðila, fyrir stofnun þriggja ára tilraunaverkefnis um Náttúruskóla Reykjavíkur og er það verkefni nú hafið. Félagið bindur miklar vonir við að skólinn efli alla náttúrufræðslu í Reykjavík. Samtímis er fyrirhugað að byggja upp fræðslusetur á Elliðavatni sem getur þjónað margvíslegri fræðslu um Heiðmörk, skógrækt og félagið sjálft. Fræðslusetrið getur einnig verið félagsaðstaða fyrir Skógræktarfélagið og öll þau félög sem starfa í Heiðmörk.

Ýmis konar fræðsla og viðburðir hafa verið í Heiðmörk og Esjuhlíðum, á þessum tveimur árum, með þátttöku samtals rúmlega 1.500 einstaklinga. Má þar nefna fræðslugöngur, viðburði eins og Fjölskyldudaginn, stofnun Náttúruskólans og margt fleira.

Félagið hefur notið aðstoðar ýmissa aðila við starfið í Heiðmörk og voru 156 einstaklingar að störfum þegar mest lét í sumar. Auk starfsfólks félagsins var starfsfólk frá Vinnuskóla Reykjavíkur, Landsvirkjun og alþjóðasamtökum sem kallast Veraldarvinir (Worldwide Friends).

Félagið gerðist þátttakandi í samstarfsverkefni 24 Evrópuríkja undir yfirskriftinni Cost Action E33 og fjallar það í stuttu máli um efnahags- og félagslegan ávinning af skógrækt til útivistar. Fundir hafa verið í Skotlandi, á Kýpur og nú síðast í Ölpum Bæjaralands. Evrópusambandið greiðir allan kostnað sem af þessu hlýst.

Vegagerðin hefur gert tillögu að fjögurra ára framkvæmdaáætlun um að leggja bundið slitlag á alla vegi Heiðmerkur. Þetta er tilkomið vegna þrýstings almennings og Skógræktarfélagsins (með ályktun frá síðasta aðalfundi) vegna afleitra vega í Heiðmörk og mikillar rykmengunar frá þeim, sem spillir umferð og útivist þar. Reykjavíkurborg hefur þó enn ekki veitt framkvæmdaleyfi og er þetta góða mál því í uppnámi.

Um þessar mundir er verið að reyna að koma á samstarfsverkefni hagsmunaðila um merkingar og skilti í Heiðmörk. Hluti af því verkefni er ný heimasíða fyrir Heiðmörk og þá einnig fyrir félagið.

Í byrjun júní hélt stjórn og starfsmenn félagsins daglangan vinnufund austur í Fljótshlíð til að fara yfir stefnumótunina og endurskoða hana. Unnið var í tveim verkefnahópum og má lesa niðurstöðurnar í fundargerðum félagsins.

Starfsfólk fór í fræðsluferð á vordögum til Danmerkur til þess að kynna sambærilegri starfsemi þar. Ferðin var lærdómsrík og skemmtileg og er lagt til að ferð af þessu tagi verði gerð að árvissum viðburði.

Verkefni tengd Heiðmörk og auknar framkvæmdir þar, eru unnin með óbreyttu fjárframlagi borgarinnar. Fjármunum hefur verið varið með öðru móti en áður, en í fullu samræmi við stefnumótun stjórnar. Aðeins eru fimm fastir starfsmenn hjá félaginu og ljóst að það er orðið mjög takmarkandi þáttur við uppbyggingu á starfsemi félagsins.

Framkvæmdasjóður borgarinnar hefur kostað grisjun á um 4 ha skógi í Heiðmörk í ár en fyrir þá vinnu hefur félagið fengið sérstaklega greiddar 2,8 milljónir kr. sem eru umfram hefðbundið framlag.

Sjóðir félagsins eru nú rúmlega 120 milljónir kr. Þar af eru um 90 milljónir kr. ávaxtaðar í svonefndri virkri eignastýringu hjá SPRON og KB-banka. Í eignastýringunni er eingöngu fjárfest í tryggum verðbréfum og eru yfir 70% í skuldabréfum en annað í hlutabréfasjóðum. Rúmar 30 milljónir kr. eru ávaxtaðar á bankabók hjá SPRON.

Reykjavíkurborg hefur samþykkt að taka samninginn um Heiðmörk til endurskoðunar. Samkvæmt bókun Umhverfisstofnunar má vænta hækkana á framlögum til Heiðmerkur við endurskoðun samningsins. Einnig hafa átt sér stað viðræður á milli félagsins og Orkuveitunnar um aðkomu hennar að uppbyggingu og rekstri Elliðavatnsbæjarins og nánasta umhverfis hans.

Félagið á rétt á 3.000 m<sup>2</sup> lóð í Fossvogi samkvæmt sölusamningi er gerður var við Reykjavíkurborg við sölu Fossvogsstöðvarinnar á sínum tíma. Félagið hefur óskað eftir því að fá lóðina afhenta og eru viðræður um málið í gangi.

Unnið er að samningi við Landgræðsluskóga um uppgræðslu á þeim svæðum Heiðmerkur sem eru illa gróin og uppblásin, til viðbótar við þann samning sem til er um Grunnvötn. Rétt er að geta þess hér að nánast allar þær plöntur sem félagið hefur gróðursett sl. tvö ár, hafa fengist sem styrkur frá Landgræðsluskógum. Þá eru hafnar viðræður um Landgræðsluskógasamning vegna Fellsmerkur.

Framlag borgarinnar í dag er um 22 milljónir kr. til reksturs Heiðmerkur, svæðis sem er 31 km<sup>2</sup> að stærð, en til samanburðar er allt byggt svæði borgarinnar, auk allra annarra grænna svæða, um 38 km<sup>2</sup> (Austurheiðar ekki meðtaldar). Samkvæmt Gallupkönnun haustið 2004 kom í ljós að Reykvíkingar heimsóttu skóglendi 900 þúsund sinnum á hverju ári. Samkvæmt nýrri Gallupkönnun eru heimsóknir Reykvíkinga í Heiðmörk um 335.000. Ef gert er ráð fyrir að sama hlutfall annarra íbúa höfuðborgarsvæðisins heimsæki Heiðmörkina eru það um 530.000 heimsóknir á ári.

Ljóst er að núverandi framlag Reykjavíkurborgar dugir hvergi nærri til þess að halda uppi lágmarkspjónustu í Heiðmörk. Undanfarin tvö ár hefur verið hallarekstur á Heiðmörk sem nemur um 6 milljónum kr. árlega og hefur hann verið fjármagnaður af eigin fé félagsins. Reykjavíkurborg hefur ítrekað verið beðin um að leiðrétta þetta.

Sá merki áfangi náðist á þessu ári að félögum fjölgaði um 200 og er því félagafjöldi nú rúmlega 1.200 manns.

Landbúnaðarráðuneytið og Skógræktarfélagið seldu í sameiningu Álftagróf í Mýrdalshreppi, síðla árs, á rúmar 25 milljónir kr. og komu rúmar 6 milljónir kr. í hlut félagsins. Unnið hefur verið að samningi á milli Félags landnema í Fellsmörk og Skógræktarfélagsins um framtíðarfyrirkomulag þar. Þessum samningi er ólokið.

Fjölmarginir fundir voru haldnir í stýrihópi um deiliskipulag Heiðmerkur og haft var samráð við helstu hagsmunaaðila. Nú er verið að leggja lokahönd á gerð forsagnar deiliskipulagsins og verður hún send út til umsagnar og kynningar í maí. Að því loknu verður samið við verktaka um að vinna deiliskipulag svæðisins í samræmi við forsögnina.

Í haust hefur verið unnin grunnvinna við gróðurfarsgreiningu fyrir Esjuhlíðar, sem er grundvöllur þess að hægt verði að gera skógræktarskipulag af svæðinu, en markmiðið er að skógræktarskipulag og framkvæmdaáætlun verði tilbúin í vor. Búið er að semja áætlun fyrir hluta af göngustígakerfi á svæðinu og leitað hefur verið eftir stuðningi fjölmargra aðila til að hægt verði að koma henni í framkvæmd.

Á haustdögum tók Skógræktarfélag Reykjavíkur að sér að veita viðtöku stórgjöf Páls Samúelssonar og konu hans, en þau færðu Skógræktarfélagi Íslands 35.000 plöntur að gjöf á 75 ára afmæli þess síðastliðið sumar. Allar þessar plöntur verða gróðursettar í lönd Skógræktarfélags Reykjavíkur í Esjuhlíðum.

Samráðsnefnd skógræktarféлага og sveitarféлага um Græna trefilinn var skipuð á árinu. Samtök sveitarféлага á höfuðborgarsvæðinu (SSH) fólu síðan samráðsnefndinni að undirbúa og kynna Græna trefilinn og hefur veitt 1,5 milljón kr. til verksins á árinu 2006.

## 2. Stjórn og starfsmenn

### Stjórn félagsins

Formaður	Stefán P. Eggertsson	Vatnsstíg 15, 101 Reykjavík	<a href="mailto:stefanpe@simnet.is">stefanpe@simnet.is</a>
Varaformaður	Aðalsteinn Sigurgeirsson	Logalandi 7, 108 Reykjavík	<a href="mailto:adalsteinn@skogur.is">adalsteinn@skogur.is</a>
Gjaldkeri	Inga Rósa Þórðardóttir	Hjallabrekku 38, 200 Kópavogi	<a href="mailto:ingarosa@simnet.is">ingarosa@simnet.is</a>
Ritari	Lilja Guðmundsdóttir	Völlum, Kjalarnesi 116 Reykjavík	<a href="mailto:liljag@redcross.is">liljag@redcross.is</a>
Meðstjórnandi	Gunnlaugur Claessen	Hálsaseli 46, 109 Reykjavík	<a href="mailto:gunnlaugur@haestirettur.is">gunnlaugur@haestirettur.is</a>
Meðstjórnandi	Ólafur Sigurðsson	Hjallabrekku, 270 Mosfellsbæ	<a href="mailto:ossa@simnet.is">ossa@simnet.is</a>
Meðstjórnandi	Þorvaldur S. Þorvaldsson	Hábæ 39, 110 Reykjavík	<a href="mailto:thvald@itn.is">thvald@itn.is</a>
Meðstjórnandi	Kristjana Bergsdóttir	Hrólfsskálavör 9, 170 Reykjavík	<a href="mailto:webwood@islandia.is">webwood@islandia.is</a>
Varamaður	Auður Jónsdóttir	Stararima 67, 112 Reykjavík	<a href="mailto:audurjons@torg.is">audurjons@torg.is</a>
Varamaður	Sigrún K. Magnúsdóttir	Reynihvammi 25, 200 Kópavogi	<a href="mailto:sigrunkristin@internet.is">sigrunkristin@internet.is</a>
Varamaður	Þorsteinn Tómasson	Skagaseli 7, 109 Reykjavík	<a href="mailto:thorsteinn.tomasson@lan.stjr.is">thorsteinn.tomasson@lan.stjr.is</a>
Varamaður	Þröstur Ólafsson	Bræðraborgarstíg 21B, 101 Reykjavík	<a href="mailto:throl@sinfonia.is">throl@sinfonia.is</a>

Stjórn félagsins hélt tólf stjórnarfundum á starfsárinu.



Stjórn skipaði eftirfarandi fagnefndir stjórnar- og starfsmanna:

**Ritnefnd:** Inga Rósa Þórðardóttir, Sigrún K. Magnúsdóttir og Stefán P. Eggertsson.  
Verksvið ritnefndar: Heimasíða félagsins, fréttabréf og ýmsar upplýsingar til félagsmanna.

**Skógræktarnefnd:** Þorvaldur S. Þorvaldsson, Kristjana Bergsdóttir, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Þröstur Ólafsson.

Verksvið skógræktarnefndar: Að hafa áhrif á faglega þætti, hönnun, áætlanagerð og umhirðu.

**Útivistarnefnd:** Gunnlaugur Claessen, Auður Jónsdóttir, Lilja Guðmundsdóttir og Þorvaldur S. Þorvaldsson.

Verksvið útivistarnefndar: Stígagerð, aðgengi fatlaðra, merkingar.

**Náms- og félagsmálanefnd:** Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ólafur Sigurðsson, Inga Rósa Þórðardóttir og Kristjana Bergsdóttir.

Verksvið náms- og félagsmálanefndar: Fræðslustofan, tengsl við skólana, Náttúruskóli, sinna Vinnuskóla, skógargöngur.

**Húsnefnd:** Stefán P. Eggertsson og Ólafur Sigurðsson.

**Stýrihópur um deiliskipulag Heiðmerkur:** Helgi Gíslason.

**Stjórn Arboretum:** Þröstur Ólafsson og Helgi Gíslason.

**Vinnuhópur sérfræðinga í Arboretum:** Aðalsteinn Sigurgeirsson, Auður Jónsdóttir og Ólafur E. Ólafsson.

**Stjórn Hvammsmerkur:** Þorvaldur S. Þorvaldsson og Ólafur E. Ólafsson.

<b>Starfsmenn félagsins á starfsárinu:</b>
Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri
Herdís Friðriksdóttir, verkefnastjóri
Ólafur E. Ólafsson, skógarvörður
Einar Óskarsson, skógarmaður
Gunnar Kristjánsson, skógarmaður
Margrét Jónsdóttir, bókarí (Deloitte hf)

### 3. Félagsstarf

#### Félagatal

Um áramót 2003/2004 voru skráðir félagar 1.050. Í byrjun árs var tekið til í félagatalinu en það hafði ekki verið gert í langan tíma. Við það voru margir teknir úr skránni af ýmsum orsökum en nokkrir tugir hafa gengið í félagið, m.a. í sérstöku átaki til öflunar nýrra félagsmanna og voru félagsmenn í lok árs 1.224.

#### Aðalfundur félagsins

Aðalfundur Skógræktarfélags Reykjavíkur 2005 var haldinn í húsi Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 13 þann 13. apríl. Nokkrar tillögur að ályktunum voru samþykktar á aðalfundinum.

Ályktanirnar eru eftirfarandi:

*Aðalfundur Skógræktarfélags Reykjavíkur 13. apríl 2005 hvetur til þess að sem fyrst verði hafnar viðræður milli Skógræktarfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar um skipulag, útfærslu og framkvæmdir vegna “Græna trefilsins”. Bent skal á margháttaðan ávinning af ræktuðum skógum í útjaðri þéttbýlis fyrir útivist almennings, skjól, lífríki, til vatnsverndar og sem mótvægisáðgerð gegn losun gróðurhúsaáhrifa.*

*Aðalfundur Skógræktarfélags Reykjavíkur 13. apríl 2005 minnir á þau verðmæti sem felast í útivistarskógum Reykvíkinga fyrir hollustu, hreyfingu og andlega vellíðan íbúanna. Samkvæmt nýlegri könnun Gallup heimsóttu um 76,5% Reykvíkinga skóg einu sinni eða oftár á árinu. Af þeim hefur hver þeirra farið ríflega tíu sinnum í skógarferð. Með auknu skóglendi og útivistarmöguleikum í útjaðri höfuðborgarinnar má enn bæta útiveru almennings og lýðheilsu.*

*Aðalfundur Skógræktarfélags Reykjavíkur 13. apríl 2005 hvetur Reykjavíkurborg til að stóráuka trjárækt á opnum svæðum við umferðarmannvirki og við allar stofnanir borgarinnar til að skapa skjól, fegra umhverfi og draga úr rykmengun. Einnig hvetur fundurinn iðnaðar- og þjónustufyrirtæki til að auka trjárækt á lóðum sínum, en iðnaðarhverfi borgarinnar eru yfirleitt átakanlega gróðursnauð og skjóllaus. Með aukinni og markvissri gróðursetningu er stuðlað að meira skjóli, minni rykmengun, minni hávaða, fegurra umhverfi, bættri heilsu og vellíðan íbúa. Til að ná þessu fram þarf að hrinda af stað samræmdu átaki hagsmunaaðila sem félagið er tilbúið til að hafa forgöngu um.*

*Aðalfundur Skógræktarfélags Reykjavíkur 13. apríl 2005 samþykkir að beina því til stjórnar félagsins að finna leið til að draga úr rykmengun á vegakerfi Heiðmerkur, en slík mengun spillir útivistarupplifun gesta. Einnig bendir fundurinn á hina holóttu vegi sem valda slyshættu.*

### **Ályktanir félagsins á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands**

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2005 var haldinn helgina 27. - 28. ágúst á Lýsuhóli í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Dagskrá fundarins var með hefðbundnu sniði. Meðal annars. var farin skoðunarferð þar sem Rauðamelskirkja og Landgræðsluskógar við Laugargerðisskóla voru skoðaðir. Hofsstaðaskógur var síðan opnaður með viðhöfn af Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra að viðstöddum fjölda gesta.

Skógræktarfélag Reykjavíkur stóð fyrir fjórum tillögum að ályktunum sem lagðar voru fyrir fundinn og voru þær allar samþykktar. Ályktanirnar eru eftirfarandi:

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Lýsuhóli, dagana 27.-28. ágúst 2005, beinir því til Alþingis að setja með lögum ákvæði um almenna vörsluskyldu búfjár, sem geymdu þó heimildir til undanþága, t.d. af landfræðilegum ástæðum.*

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Lýsuhóli, dagana 27.-28. ágúst 2005, samþykkir að beina því til Skógræktarfélags Íslands og Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá að hafin verði rannsókn á skógrækt til útivistar með það að markmiði að bæta þjónustu við almenning á skógræktarsvæðum.*

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Lýsuhóli, dagana 27.-28. ágúst 2005, beinir því til allra, sem stunda skógrækt á Íslandi að þeir vinni eftir skógræktaráætlun, þar sem fullt tillit er tekið til allra umhverfisþátta og þá sérstaklega til landslagshönnunar.*

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Lýsuhóli, dagana 27.-28. ágúst 2005, hvetur til þess að Skógræktarfélag Íslands beiti sér fyrir því að stórbæta aðgengi og umhirðu skógarsvæða svo þau verði aðgengileg til útivistar og affreyningar.*

### **Jólatré**

Fyrir jólin 2005 var farið í áttak til þess að laða fleiri fyrirtæki í jólatrjáahögg starfsfólks upp í Heiðmörk. Alls komu 19 fyrirtæki og hjuggu þau samtals 247 tré. Þann 18. desember var síðan haldin jólatrjáahátíð fyrir félagsmenn og aðra velunnara félagsins. Alls mættu milli 700 og 800 einstaklingar. Höggvin voru 158 jólatré þennan dag. Torgtrjáasala var með hefðbundnu sniði og seldust um 35 torgtré af ýmsum stærðum.

### **Landnemar**

Á starfsmannafundi í mars var ákveðið að breyta tilhögun með landnema Hvammsmerkur og Esjuhlíða, þannig að ein vika væri notuð fyrir hvort svæði til að þjónusta landnema með plöntur og verkfæri. Hver landnemi velur einn dag, innan þeirrar viku, til gróðursetningar.

Orkuveitan óskaði eftir lista yfir landnemaspildur Hvammsmerkur. Talsverð vinna var lögð í að safna þessum upplýsingum saman en þær höfðu ekki verið aðgengilegar á einum stað. Gerður var listi yfir spildurnar og þá sem hafa gróðursett í þær.

Landnemarnir í Hvammsmörk eru 21 talsins, 5 einstaklingar og 16 félagasamtök eða fyrirtæki og spildurnar 25. Flestar þeirra eru neðan vegar en nokkrar fyrir ofan. Í samtölum við landnemana kom fram að þó að nokkrir hópar eru virkir og gróðursetja árlega en einhver hópur landnema hefur lítið sinnt spildum sínum undanfarin ár.

Mikil vinna var einnig lögð í að fá yfirlit yfir þær 87 spildur sem eru í Heiðmörk. Allar spildur voru merktar inn á kort með staðsetningartæki og fundið út hvaða einstaklingur, fyrirtæki eða félagasamtök hafa aðgang að spildunni.

Ráðgert er að fylgjast betur með og skrá niður þá starfsemi sem fram fer í spildunum á hverju ári. Þeim spildum sem ekki hefur verið sinnt, jafnvel svo áratugum skiptir, verður endurúthlutað til annarra félagasamtaka á haustdögum 2006. Á meðan þessi vinna fer fram er ekki tekið á móti nýjum umsóknum vegna spildna í Heiðmörk.

Fimm fyrirspurnir bárust til félagsins vegna spildna, þar af fjórar vegna spildna í Heiðmörk. Einn starfsmannahópur fékk spildu úthlutað í Esjuhlíðum.

Kristjana Bergsdóttir stjórnarmaður setti upp gagnagrunn í Microsoft? Access fyrir skráningu á landnemaspildum.

## 4. Rekstrartekjur

	2004	2005
<b>Framlög:</b>		
Reykjavíkurborg.....	22.462.148	22.597.596
Garðabær.....	1.000.000	1.000.000
Landgræðslusjóður.....	400.000	250.000
Skógræktarfélag Íslands.....	140.000	
AVEDA.....	100.000	75000
Minningarsjóður Páls Gunnarssonar.....	0	500.000
Annar styrkur.....	0	215.000
	24.102.148	24.562.596
<b>Félagsgjöld</b>		
Félagsgjald ársins var kr. 1.500	927.393	767.180
<b>Seldar vörur og þjónusta:</b>		
Jólatré.....	1.626.188	2.194.881
Veiðar.....	980.962	856.090
Viðarkurl, grill, flaggstangir o.fl.....	1.556.269	806.391
Vinaskógur á Þingvöllum.....	655.580	0
Skógræktarfélag Íslands.....	0	209.945
	4.818.999	4.067.307
<b>Leigutekjur:</b>		
Fellsmörk.....	1.370.600	1.451.031
Sumarbústaður í Heiðmörk.....	379.464	0
Leigutekjur lóðir Elliðavatn.....	0	370.000
Útleiga áningastaða í Heiðmörk.....	250.068	152.356
	2.000.132	1.973.387
<b>Aðrar tekjur:</b>		
Barri hf.....	210.610	0
Reykjavíkurborg vegna grisjunar.....	0	2.254.905
	210.610	2.254.905
<b>Samtals tekjur</b> .....	32.059.282	33.625.375

## 5. Framkvæmdir

### Almennt um starfsemi vinnuflokks Skógræktarfélags Reykjavíkur

Á árinu 2005 var starfsemi vinnuflokksins með hefðbundnu sniði. Engar breytingar voru á fjölda fastráðinna starfsmanna og engir sumarstarfsmenn voru ráðnir til félagsins.

Til starfa á Heiðmörk komu um 100 unglingar, á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur, í samtals sjö vikur. Unnu þeir að nýlagningu göngustíga.

Einnig komu til starfa 15 unglingar, á vegum Landsvirkjunar, í samtals níu vikur.

Yfirlit yfir starfs- mannahald	2005
Fastir starfsmenn	3
Sumarstarfsmenn	0
Vinnuskóli Rvk.	100
Landsvirkjun	15
Veraldarvinir 14 manns í 42 daga	588
Annað	1

Fjórir hópar, alls 42 einstaklingar, komu til vinnu í Heiðmörk á vegum Veraldarvina sem eru sjálfboðaliðasamtök ungs fólks sem starfa að “grænum” málefnum víðs vegar í heiminum. Helstu verkefni þeirra voru gróðursetning og lagning göngustíga.

Einnig komu þrjú ungmenni á vegum “Youth in Europe”. Störfuðu þau að ýmsum verkefnum í Heiðmörk.

Helstu verkefni fastra starfsmanna	Dagsverk	
	2004	2005
Stjórnun og daglegur rekstur	215	215
Rekstur og viðhald fasteigna	48	15
Fræðsla og kynning	80	215
Tilraunir og rannsóknir	63	10
Skógarvörður: verkstjórn og viðhald	167	155
Bílar, vélar og verkfæri	70	20
Veiðivarsla/sala veiðileyfa	100	100
Gróðursetning: íblöndun í eldri skóga	2	1
Grisjun	165	210
Rekstur sjö áningarstaða	239	150
Skógarvörður: verkstjórn og nýframkvæmdir	31	60
Gróðursetning, nýskógar	35	43
Stígar og vegir	30	25
<b>Samtals dagsverk starfsmanna</b>	<b>1.245</b>	<b>1.219</b>
<b>Vinnuflokkar:</b>		
Vinnuskóli Reykjavíkur: stígagerð	1.077	1.050
Starfshópur Landsvirkjunar: gróðursetning	675	680
Starfshópur Veraldarvina:	240	588
3 ungmenni á vegum “Youth in Europe”		378
<b>Samtals dagsverk vinnuflokka</b>	<b>1.992</b>	<b>2.696</b>
<b>Heildar vinnuframlag í dagsverkum</b>	<b>3.237</b>	<b>3.915</b>
<b>Samtals í ársverkum</b>	<b>15</b>	<b>18</b>

### *Heiðmörk, nýframkvæmdir*

Mikið var um nýframkvæmdir á árinu 2005. Hæst ber þar gróðursetning á 160 þúsund plöntum og lagning 3,2 km langs göngustígs. Einnig voru grisjaðir rúmir 4 ha við Hraunslóð.

### **Grisjun**

Nú hefur allt skóglendi á Heiðmörk verið kortlagt með tilliti til umhirðuþarfar. Sú vinna leiðir enn og aftur í ljós hversu brýn þörf er orðin á umtalsvert aukinni grisjun í Heiðmörk. Grisjun ársins var rúmir 4 ha, aðallega sitkagreni við Hraunslóð, en einnig nokkrir minni stafafurureitir. Efnið úr þessum grisjunum liggur að mestu leyti inni í

skógi enn þá. Einungis voru dregnir út um 30 m<sup>3</sup> sem voru kurlaðir. Fyrirhugað er að draga grisjunarviðinn út á vormánuðum 2006.

### **Gróðursetning**

Á árinu 2005 voru samtals gróðursettar 160 þúsund plöntur í Heiðmörk, allt Landgræðsluskógaþlöntur. Helstu tegundir voru birki, sitkagreni, reyniviður og stafafura. Verkið var unnið af Vinnuskóla Reykjavíkur, unglingum á vegum Landsvirkjunar og ungu fólki á vegum Veraldarvina, svo sem fyrr var frá greint.

### **Göngustígagerð**

Áfram var haldið að tengja saman göngustígakerfin á Elliðavatnsheiðinni og í Vífilstaðahlíð og er því verki nú lokið. Alls voru lagðir 3,2 km af stígum, rúmlega 1 km af hefðbundnum malarstíg og um 2 km af grasstíg. Ætlunin er að slá grasstíginn reglulega svo hann verði góður til göngu og einnig hentugur fyrir gönguskíðaspor að vetri.

### **Áningarstaðir**

Tveir nýir áningarstaðir voru teknir í notkun á árinu og er annar þeirra staðsettur í Þjóðhátíðarlundi en hinn í Löngubrekkum. Steingrill verða sett upp þar vorið 2006.

<b>Yfirlit yfir nýframkvæmdir</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Grisjun	2 ha	4,5 ha
Gróðursetning	115.000 plöntur	160.000 plöntur
Göngustígar	2,2 km	3,2 km
Áningarstaðir	0	2

## ***Heiðmörk, viðhald***

### **Sorphirða**

Fast starfsfólk og sumarstarfsfólk sinnti allri almennri ruslahreinsun á Heiðmörk eins og undanfarin ár. Einnig voru grillin hreinsuð reglulega. Sem nærri má geta eykst magn rusls með sífjölgaði gestakomum á Heiðmörk. Ruslakassar eru víðsvegar um Heiðmörk. Flestir sýna góða umgengni og fleygja ruslinu í þá en þó eru alltaf til umhverfissóðar.

### **Áningarstaðir**

Alls eru sjö skipulagðir áningarstaðir á Heiðmörk. Á hverjum þeirra er eitt eða fleiri steingrill ásamt borðum og bekkjum. Við alla áningarstaðina eru misstórar grasflatir sem fólk nýtir til leikja eða hvíldar og sólbaða. Nauðsynlegt er að slá þessar flatir nokkuð oft til þess að þær séu til prýði og yndisauka. Fyrirhugað er að setja upp grill á tveim nýjum áningarstöðum sem fyrr var getið.

### **Salerni í Heiðmörk**

Yfir sumartímann hafa verið salerni á fimm stöðum, nálægt helstu áningarstöðum á Heiðmörk. Salernin þufa verulega umhirðu og viðhald. Hvergi er rennandi vatn á Heiðmerkursvæðinu og því er nauðsynlegt að keyra allt vatn á tönkum á salernin.

Mörg skemmdarverk voru unnin á salerninu í Hjalladal á síðast liðnu sumri. Hefur það því verið fjarlæggt og óvíst að það verði sett upp á komandi sumri.

### **Sérstök viðhaldsverkefni**

Á árinu var áfram unnið kerfisbundið að viðhaldi fasteigna og véla. Áfram var haldið við tiltektir í ýmsu gömlu dóti félagsins, ýmsu hent en annað lagfært og tekið í notkun. Ráðgert er að nú á vetrarmánuðum verði vagnar og kerrur málaðar því þær eru farnar að láta á sjá.

### **Elliðavatn**

Á árinu var farið í áttak í Fræðslusetrinu við Elliðavatn. Voru veggirnir í “Fjósínu” einangraðir og klæddir. Einnig voru raf- og pípulagnir lagðar í veggina. Enn er þó nokkuð óunnið og er komið að frágangi á útveggjum, uppsetningu innréttinga og lagningu gólfefna.

### **Vélar og verkfæri**

Unnið var að skoðun og viðhaldi á öllum tækjum í eigu félagsins. Nauðsynlegt er að huga að endurnýjun á næstu árum.

### **Lausamunir**

Nokkuð var unnið að viðhaldi lausamuna svo sem borða og ruslakassa. Flest öll borð voru tekin í hús og þurrkuð og máluð. Einnig voru smíðaðir 13 nýir ruslakassar, sem voru settir út þar sem eldri kassar voru nánast dottnir í sundur.

### **Aðrar eignir**

Í þennan flokk falla salerni og steingrill á áningarstöðum. Einungis var sinnt eðlilegu viðhaldi þessara eigna.

## ***Fellsmörk, nýframkvæmdir og viðhald***

Í samstarfi við stjórn Landnema og Landbúnaðaráðuneytið hefur hluta lands í Álftagróf, eða 50 ha, verið skipt út úr jörðinni ásamt húsum og er með því verið að undirbúa sölu þess hluta. Samtímis er verið að vinna að samkomulagi milli landnema og Skógræktarfélagssins um að færa ábyrgð rekstrar og framkvæmda til stjórnar Landnemafélagsins. Sigurjón Eyjólfsson frá Eystri-Pétursey var fenginn til að sjá um eftirlit og viðhald girðinga, vega og húsa.

### **Gróðursetningar**

Alls gróðursettu landnemar í Fellsmörk og Álftagróf um 10.500 plöntur.

### **Girðingar**

Þann 4. maí var byrjað á viðhaldi girðinga. Þær höfðu m.a. slitnað nokkuð í krapaveðri sem gerði í lok mars. Þá var bætt girðing inn með brekkunni í Keldudal, þar sem Hafursá hafði tekið hluta af henni. Mokað var undir girðingar á þeim stöðum þar sem grafið hafði úr, bæði í Lambárgili og með Hafursá.

## Vegir

Sigtuð mól var borin ofan í hluta af Gilbraut. Brattasti kaflinn í Heiðarbraut var lagfærður. Talsverð vinna var í kringum ræsið í Keldudalsá, sem hafði farið illa í vatnavöxtum, en ræsið hefur engan veginn undan í vatnavöxtum.

## Húsið í Álftagróf

Álftagróf, ásamt 50 ha landsspildu, var seld í nóvember samkvæmt samkomulagi við Landbúnaðarráðuneytið, á 25,1 milljónir kr. og er hlutur Skógræktarfélags Reykjavíkur í þeirri sölu 27,4 %.

## Vörur og þjónusta

Veruleg aukning var í sölu jólatrjáa en sala dróst nokkuð saman á viðarafurðum. Sala á torgtrám stóð í stað og útleiga áningastaða var svipuð og árið á undan. Félagið sá um sölu veiðileyfa fyrir Veiðifélag Elliðavatns eins og undanfarin ár.

## Skógarafurðir

Helstu skógarafurðir sem framleiddar voru á Heiðmörk voru trjáskurl (ca. 35 m<sup>3</sup>) sem seldist upp. Einnig voru seldar tvær fánastangir.

## Útseld þjónusta

Útseld þjónusta fólst aðallega í útleigu á áningarstöðum.

Yfirlit yfir vöru og þjónustu	2004	2005
Trjáskurl	100 m <sup>3</sup>	35 m <sup>3</sup>
Fánastangir	3 stk.	2 stk.
Smíðaviður	15 m <sup>3</sup>	0
Jólatré	290 stk.	729 stk.
Torgtré	35 stk.	35 stk.
Steinagrill	5 stk.	0
Útleiga áningastaða	10 skipti	10 skipti



## 6. Fræðsla, kynningarstarfsemi, samstarf og rannsóknir

Verkefnisstjóri félagsins sat í tveimur þverfaglegum nefndum sem fjalla um fræðslu á skógartengdu efni fyrir grunnskóla. Annars vegar er um að ræða samstarfsverkefni um grenndarskóga og *Lesið í skóginn* en hins vegar um Náttúruskóla Reykjavíkur.

### Lesið í skóginn

*Lesið í skóginn* er samstarfsverkefni Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, Kennaraháskóla Íslands, Kennarasambands Íslands, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Verkefnið hefur staðið frá árinu 2001, en árið 2003 var það gert að þróunarverkefni til þriggja ára. Þróunarverkefnið hefur nú staðið í tilskyldan tíma og hafa 10 skólar tekið þátt.

Á árinu var gengið frá tveimur nýjum grenndarskógarsamningum.

Námskeið voru haldin fyrir starfsfólk fjögurra skóla og eitt stöðvanámskeið. Fjórir skólar eru á biðlista eftir grenndarskógi.

Að jafnaði voru haldnir fundir mánaðarlega, þar sem framkvæmdir voru ræddar og teknar ákvarðanir um næstu skref. Í ár á verkefninu að ljúka og verður staðan og samstarfið í heild metið og ákvörðun tekin um framhaldið.

### Náttúruskóli í Reykjavík

Náttúruskóli Reykjavíkur tók formlega til starfa 14. september með opunarhátíð sem haldin var í húsnæði Fræðslumiðstöðvar félagsins í gamla Elliðavatnsbænum.

Katrín Jakobsdóttir fjallaði um mikilvægi umhverfisfræðslu með aðstoð frá nemendum Seljaskóla. Hún fór einnig yfir ferlið, sem Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur, Landvernd og Skógræktarfélag Reykjavíkur hafa farið í gegnum, til þess að koma Náttúruskólanum á legg.

Helena Óladóttir kennari og umhverfisfræðingur, sem ráðin var sem verkefnastjóri Náttúruskóla Reykjavíkur, opnaði skólann formlega með aðstoð barna frá Norðlingaskóla.

Börnin leiddu fullorðna gesti í ratleik um svæðið þar sem náttúran og umhverfið léku stórt hlutverk.

Opnun skólans tókst vel, en þarna voru mættir kennarar og skólastjórar sem sérstakan áhuga hafa á umhverfisfræðslu og útikennslu. Kom það Skógræktarfélaginu vel að opnunin skyldi haldin í verðandi fræðslumiðstöð félagsins, því þarna gátu gestir áttað sig á möguleikunum sem felast í miðstöð sem þessari og þeirri aðstöðu sem hægt er að bjóða við útinám í nánasta nágrenni.

Markmið með Náttúruskóla í Reykjavík eru fyrst og fremst að efla umhverfis- og náttúrufræðimennt í leik- og grunnskólum Reykjavíkur og koma til móts við umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar um fræðslu og aukna samvinnu milli íbúa og

borgaryfirvalda og umhverfisstefnu Fræðslumiðstöðvar um heilsteypt umhverfisstarf í grunnskólum.

### Fræðslustígar

Í samstarfi við Náttúruskólann í Reykjavík voru lögð drög að fræðslustígum í nágrenni Elliðavatnsbæjarins. Að mestu verða þeir stígar nýttir sem eru á svæðinu og komið fyrir stólpum sem eru merktir með númeri og lit. Þessu tengt gætu kennarar sótt kennsluefni á heimasíður Skógræktarfélagsins og Náttúruskólans í Reykjavík og þar yrði nokkurt framboð af verkefnum fyrir börn á leikskólaaldri og á öllum stigum grunnskóla í flestum fögum sem þar eru kennd.

### Fræðslugöngur

Ákveðið var að skipuleggja frekar fræðslugöngur á haustmánuðum vegna mikils framboðs á annari afþreyingu yfir sumarið. Í september var boðið upp á fjórar fræðslugöngur. Dagskráin var eftirfarandi:

Dagur	Fræðsluganga	Upphafsstaður	Kl.
3. september	Sveppatínsla í Furulundi	Furulundur	11:00
10. september	Tálgunarganga um skóginn	Elliðavatnsbær	11:00
17. september	Á slóðum Einars Ben	Elliðavatnsbær	11:00
24. september	Gengið um grisjaða skóga	Vífilsstaðahlíð	11:00

Þetta fyrirkomulag gafst vel og var fjöldi gesta um 220. Mestur fjöldi kom í tálgunargönguna og var mikið spurt um hvort sú ganga yrði endurtekin. Ráðgert var að bæta við fræðslugöngum á laugardögum í maí á næsta starfsári.



Svipmyndir frá tálgunargöngunni. Mikill fjöldi mætti og sprengdi verðandi fræðslumiðstöð strax utan af sér húsnæðið.

## **Fjölskyldudagur**

Laugardaginn 25. júní var haldinn Fjölskyldudagur á Vígsluflöt. Markmið dagsins var að bjóða almenning velkominn til þess að skemmta sér í skóginum. Dagskráin miðaðist við að allir aldurshópar gætu fundið eitthvað við sitt hæfi, en markhópurinn var fjölskyldufólk.

Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá:

Óttar Hrafnkelsson hjá ÍTR kenndi víkingaleiki og Sigrún Nikulásdóttir hjá Landshornaflökkurum bauð upp á ratleik um skóginn.

Inni í tjaldi var boðið upp á kennslu í tálgun og sá Valdór Bóasson smíðakennari um kennsluna, en einnig var hægt að mála á trjádrumba og platta.

Boðið var upp á pylsur og pizzu-deig og var fólk hvatt til þess að grilla pylsumar sjálft á birkigreini yfir opnum eldi.

Þátttakendur voru mjög ánægðir með daginn en fjöldinn hefði mátt vera meiri. Ráðgert er að gera Fjölskyldudaginn að árlegum viðburði í Heiðmörk, á laugardegi í kringum Jónsmessu. Stefnt er að fjölskylduvænni skemmtun með leikjum sem allir geta tekið þátt í.



Allir fengu pylsur, stungu birkigreinum í þær og grilluðu að hætti skógarmanna.

## ***Kynningarstarfsemi***

### **Sumarið 2005**

Í apríl var haldin sýningin Sumarið 2005 í Fífunni í Kópavogi. Skógræktarfélagið var með bás á áberandi stað og kynnti starfsemi sína og afurðir eins og kurl, grill og fánastangir.

Starfsemi félagsins var m.a. kynnt á veggspjöldum, gestum gafst kostur á að reikna út kolefnisneyslu sína með tilstyrk tölvu og á veggspjaldi var kynnt kolefnishlutleysisverkefni milli félagsins og AVEDA.

Bjarni Þór Kristjánsson útskurðarmeistari, með meiru, skar út skógartröll úr fersku sitkagreni úr Heiðmörk. Tröllið var veitt sem fyrstu verðlaun í happdrætti þeirra er gengu í félagið á sýningunni en það gerðu fjölmargir.

Skógartíðindum var dreift meðal gesta og upplýsingar veittar þeim sem þess óskuðu.

### **Félagasöfnun**

Markviss félagasöfnun fór af stað meðal skógræktarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Átakið hófst á sýningunni Sumarið 2005 en hélt svo áfram næstu helgar þar á eftir og lauk áttakinu um miðjan júní.

Starfsfólk skógræktarfélaganna fékk leyfi til þess að hafa bása í Garðheimum, Blómavali, Kringlunni og Smáralind um helgar í maí og júní og kynnti félögin og bauð fólki að gerast félagar.

### **Útgáfa**

Skógartíðindi komu út tvisvar á árinu 2005.

Í apríl 2005 kom út 1. tbl. 10. árg. í 1.500 eintaka upplagi.

Í blaðinu var m.a. grein um að AVEDA væri fyrsta kolefnishlutlausu fyrirtækið á Íslandi. Reiknuð var út CO<sub>2</sub> losun fyrirtækisins og hversu mörg tré fyrirtækið þyrfti að láta gróðursetja til að bæta upp fyrir losunina. AVEDA hefur styrkt félagið tvívegis með um 100.000 kr. á undanförunum tveimur árum og mun að öllum líkindum halda því áfram.

Í miðopnu blaðsins var grein um ferð starfsfólks Skógræktarfélagsins til Danmerkur og Svíþjóðar og útlistað í máli og myndum hvað fyrir augu bar.

Á baksíðu var grein um framlag Veraldarvina, í sjálfböðavinnu í Heiðmörk sumarið 2004, en einnig kom fram að félaginu myndi fljótlega bætast liðsauki í þremur sjálfböðaliðum á vegum „ Youth in Europe” frá maí - desember 2005.

Blaðið var sent út til allra félagsmanna, en lá einnig frammi á sýningunni Sumarið 2005. Upplagið þraut um mitt ár.

Í nóvember 2005 kom út 2. tbl. 10. árg. en það var gefið út í 2.000 eintaka upplagi.

Í blaðinu var grein eftir Kristínu Þorleifsdóttur um mikilvægi náttúrusvæða í þéttbýli. Helena Óladóttir verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur skrifaði grein um skólann, markmið hans og möguleika. Herdís Friðriksdóttir, verkefnisstjóri félagsins, skrifaði grein um möguleika til útikennslu í leik- og grunnskólum og hvernig má nýta Heiðmörk í þeim efnum.

Á baksíðu blaðsins kom fram hver hefði eignast skógartröllið góða, sem var fyrstu verðlaun í happdrætti nýrra félagsmanna á sýningunni Sumarið 2005. Einnig var auglýsing um jólatrjáadaginn, sem haldinn var 18. desember að þessu sinni.

Blaðið var sent til allra félagsmanna en einnig var gerður listi yfir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir, sem fá blaðið sent hér eftir og er það liður í kynningu á félaginu.

### **Heimasíða**

Heimasíðunni var viðhaldið, fyrst og fremst með fréttum af félaginu.

Lögð voru drög að nýrri heimasíðu og gengið til samninga við Guðmund Einarsson í lok árs um að hann útbúi nýja síðu félagsins með vefumsjónarkerfinu Creatix.

Á nýrri síðu verður betra aðgengi að kortum af Heiðmörk og Esjuhlíðum, þar sem auðvelt verður að sjá alla aðstöðu á svæðunum, vegi, göngustíga, reiðleiðir, salernisaðstöðu og áningarstaði. Einnig verður gott yfirlit yfir landnemaspildur og það starf sem þar hefur verið unnið.

Samstarfsaðilarnir Reykjavíkurborg og Orkuveitan fá nokkra umfjöllun, en greinargott yfirlit verður yfir starfsemi Skógræktarfélags Reykjavíkur og svæði félagsins.

Á síðunni verður innra svæði fyrir starfsmenn og stjórn þar sem hægt er að vista og laga fundargerðir og vista ýmis yfirlit, t.d. yfir pantanir vegna landnemaspildna og áningastaða.

Gott aðgengi verður að allri útgáfu félagsins og hægt verður að prenta út pdf-skjöl af þeim bæklingum og tímaritum sem félagið hefur gefið út.

Fræðsludagskrá hvers árs verður aðgengileg með greinargóðum upplýsingum um hvern viðburð.

Heiðmerkurskóla verða gerð góð skil en hægt verður að sækja verkefni á heimasíðuna sem hægt verður að nota í útinám í Heiðmörk. Sérstök leitarvél mun auðvelda kennurum að finna námsefni sem henta aldri nemenda, því fagi sem kenna á og eftir því hvaða árstíð er.

Fyrirhugað er að heimasíðan verði opnuð í apríl 2006.

### **Esjudagur**

Laugardaginn 11. júní var Esjudagurinn haldinn hátíðlegur. Esjudagurinn er haldinn í samvinnu Íslandsbanka, Ferðafélags Íslands og Skógræktarfélags Reykjavíkur. Verkefnisstjóri félagsins leiddi skógargöngu um skóglendi Esjuhlíða og fræddi gesti um starfsemi félagsins á svæðinu og þann gróður sem fyrir augu bar.

### **Erindi verkefnisstjóra fræðslu- og kynningarmála**

Verkefnisstjóri félagsins hélt erindi fyrir landafræðinemendur í Edinborgarháskóla í Skotlandi, sem heimsóttu Heiðmörk 24. maí. Farið var yfir sögu skógræktar á Íslandi, sögu Heiðmerkur og starfsemi félagsins í Heiðmörk. Einnig var farið með hópinn í gönguferð um svæðið. Tengiliður fyrir hópinn er aðstoðarprófessor, Andrea Nightingale í Institute of Geography, University of Edinburgh.

Flutt voru fræðsluerindi fyrir hópa Veraldarvina er störfuðu hjá félaginu í Heiðmörk. Þeim var kynnt saga svæðisins, starfsemi félagsins og framtíðarsýn. Þetta jók áhuga ungmennanna á starfinu og skilningur þeirra á mikilvægi umhverfisstarfs jókst.

Verkefnisstjórinn hélt einnig erindi um lýðheilsu í Heiðmörk fyrir starfsfólk Landlæknisembættisins, en landlæknir hafði óskað eftir því að fá spildu í Heiðmörk. Spunnust miklar og góðar umræður um rannsóknir á lýðheilsu í kjölfar erindisins.

Þá sótti verkefnisstjórinn og Helena Óladóttir verkefnastjóri hjá Náttúruskólanum í Reykjavík fræðsluerindi um útinám hjá Oddrun Hallás, aðstoðarprófessor í kennslufræðum við Bergen University College. Farið var yfir þá möguleika sem liggja í útinámi og hvernig það hefur nýst í Noregi. Eftir erindið var haldið út og áheyrendur teknir í eins konar sýnikennslu í útinámi, skipt í hópa og látnir vinna verkefni úr náttúrulegum efniviði. Meðal verkefna var að útbúa form, sem notuð eru í rúmfræði, úr trjágreinum og tógi.

### **Ráðstefnur og fundir**

Verkefnisstjóri félagsins sótti Affornord ráðstefnu sem haldin var að Reykholti í Borgarfirði dagana 19. - 21. júní 2005. Gerði hann veggspjald um útivistarsvæðið Heiðmörk og hékk það uppi á ráðstefnunni. Á spjaldinu voru upplýsingar um starfsemi félagsins á ensku og myndir af vel heppnaðri skógrækt á svæðinu.

Verkefnisstjóri sat einnig Umhverfisþing Umhverfisráðuneytisins 18. - 19. nóvember 2005.

### ***Samstarfsverkefni***

#### **AVEDA**

Snyrtivörufyrirtækið AVEDA veitti félaginu styrk til gróðursetningar að upphæð 100.000 kr. Fyrirtækið hefur styrkt félagið til gróðursetninga undanfarin ár. Mikilvægt þótti að halda góðu samstarfi við fyrirtækið og vann fræðslustjóri ásamt kennurum frá Waldorf-skólanum að Lækjarbotnum og AVEDA að litabók sem gefin var út í apríl, en þá er mánuður jarðar hjá AVEDA um allan heim.

#### **Hjólreiðafélag Reykjavíkur**

Heiðmerkuráskorun var þann 23. júní. Það var hjólreiðakeppni sem haldin var á miðnætti á Jónsmessu, í samstarfi við Hjólreiðafélag Reykjavíkur. Tíu tóku þátt og áhorfendur voru um 40. Keppnin var skipulögð með þrautum þar sem hjóluð var um 30 km löng leið frá Elliðavatni, austur Heiðmörkina, upp að Grunnuvötnum og til baka. Hafsteinn Geirsson sigraði í keppninni á 44 mínútum og 20 sekúndum.

#### **Minningarsjóður Páls Gunnarssonar**

Félaginu var veittur 500.000 kr. styrkur úr minningarsjóði Páls Gunnarssonar, þann 29. desember og mun styrknum varið til þess að bæta aðstöðu til útivistar í Heiðmörk.

## Heimsóknir

Þann 16. maí fékk félagið heimsókn Jan Eriksen, forseta FEE (Foundation for Environmental Education), sem eru alþjóðleg samtök um umhverfisfræðslu. Hann fundaði með verkefnisstjóra félagsins og farin var skoðunarferð um Heiðmörk. Jan kom með góðar ábendingar um það hvernig félagið geti sinnt sinni umhverfisfræðslu sem best.

Í tengslum við Affornord ráðstefnuna kom Simon Bell, skógfræðingur og landslagsarkitekt, í heimsókn í Heiðmörk þann 23. júní. Hann skoðaði útivistarsvæðin og kom með ráðleggingar varðandi breytta landslagshönnun og viðhald svæðanna. Simon hefur mikla reynslu af hönnun skóga og útivistarsvæða og hefur gefið út fjölmargar bækur og haldið námskeið um efnið.

Í ferð starfsmanna til Kaupmannahafnar í október, fór verkefnisstjórinn í heimsókn til Malene Bendix, sem er verkefnisstjóri Skoven i Skolen, sem er fræðsluverkefni sem gefur kennurum og nemendum möguleika á að nýta náttúruna sem kennslustofu.

Skoven i Skolen útbýr fræðsluefni um skóga og tré og vinnur að því að tengja kennslu grunnskóla við skógar svæði. Verkefnið heldur úti heimasíðunni [www.skoveniskolen.dk](http://www.skoveniskolen.dk).

Malene var ánægð með að fá tengilið á Íslandi, sem væri að sinna svipuðum málum og gaf leyfi fyrir því að Skógræktarfélag Reykjavíkur þýddi það námsefni sem fyrir er á heimasíðu verkefnisins. Afhenti Malene verkefnisstjóra félagsins nýjar kennslubækur um skógarfræðslu.

## Rannsóknir, kannanir og kortlagning

### Skoðanakönnun um nýtingu Heiðmerkur

Þrjár skoðanakannanir voru gerðar um nýtingu Heiðmerkur.

Þrír hópar fólks voru spurðir sömu spurninganna um hvernig þeir nýta Heiðmörk, hvað þeim finnst um útivistarsvæðið eins og það er í dag og hvað mætti betur fara.

Hóparnir þrír, sem um ræðir, voru félagar í skógræktarfélagum víða um land, fólk sem kom í Heiðmörk 18. desember og sótti sér jólatré og gestir Kringlunnar 25. nóvember.

Fyrsti hópurinn fékk könnunina senda með tölvupósti og svaraði henni rafrænt. Voru heimtur mjög góðar en 171 svaraði. Í Heiðmörk svöruðu 53 könnuninni en 91 í Kringlunni. Tilgangurinn með því að spyrja gesti Kringlunnar var sá að ná til hóps sem ekki endilega kæmi upp í Heiðmörk og bera svör þeirra saman við þá sem virtust nota svæðið oftar.

Þessi könnun er hugsuð sem forkönnun fyrir aðra og stærri sem gerð yrði í samstarfi við Reykjavíkurborg og Orkuveituna um notkun útivistarsvæða í borginni.

Niðurstöður þessarar forkönnunar verða kynntar á vormánuðum 2006.

### **Kortlagning á Landnemaspildum**

Landnemaspildur á vegum félagsins í Hvammsvík, Heiðmörk og Esjuhlíðum voru kortlagðar og settar í þar til gerðan gagnagrunn. Gagnagrunni þessum er ætlað að halda utan um allar þær upplýsingar sem safnast um landnemaspildurnar, bæði gamlar og nýjar. Þannig verður hægt að fletta upp í grunninum þegar vantar upplýsingar um t.d. gróðursetningu í spildurnar.

Sérstök áhersla var lögð á kortlagningu landnemaspilda í Heiðmörk, því markmiðið er að finna út hvaða spildur eru í virkri notkun og endurúthluta þeim sem ekki hafa verið notaðar í áraraðir. Spildurnar eru rétt um 100 talsins og dreifðar um alla Heiðmörk, alveg frá Vífilsstaðahlíð og yfir á Elliðavatnsheiði. Enn er þó pláss til þess að útbúa fleiri spildur.

Nokkur félög, fyrirtæki og einstaklingar hafa sýnt áhuga á að fá landnemaspildur og gætu þær t.d. verið liður í því að laða fyrirtæki til samstarfs og stuðnings við félagið.

### **Lagfæring göngustíga í Esju**

Hrundið var af stað samstarfsverkefni milli Skógræktarfélags Reykjavíkur, Ferðafélags Íslands, Reykjavíkurborgar og Skógræktar ríkisins um endurbætur á göngustígum í Esjuhlíðum. Chas Goeman var fenginn til verksins, en hann hefur mikla reynslu af lagningu göngustíga í þjóðgörðum á Íslandi og er í forsvari fyrir samtökin “British Volunteer Service” sem hafa um árabil unnið að nýlagningu og lagfæringu göngustíga á Íslandi.

Ráðgert er að neðsti hluti göngustígarins verði lagfærður með aðstoð “British Volunteer Service” og Vinnuskóla Reykjavíkur. Reykjavíkurborg mun leggja 1,2 milljónir kr. í verkið, fyrir fyrsta áfanga, en vonir standa til þess að stuðningur fáiist til þess að halda verkinu áfram á næstu árum.

**Skógræktarfélag Reykjavíkur þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins.**

**Reykjavík, apríl 2006.**